

**Ed.**

**465. Nefndarálit**

**[140. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur haft frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar til athugunar og fengið umsögn rikisskattstjóra. Í henni kemur fram að rikisskattstjóri hefur skrifað öllum skattstjórum og kemur þar fram afstaða hans, að einungis skuli

„koma fram á vottorðum skattskyldur hluti vaxtanna“ þegar skattstjórar votta um tekjur bótaþega sem rétt eiga á tekjutryggingu (bréf rikisskattstjóra er birt sem fskj.). Engu að síður telur rikisskattstjóri rétt að taka af öll tvímæli í þessu efni í lögum og mælir hann með því að frv. sé samþykkt með því orðalagi sem n. flytur á sérstöku þingskjali (sbr. fskj. II).

Jón Ingimarsson skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu kom á fund n. og taldi hann að almannatryggingafélögin gerðu ekki greinarmun á skattskyldum tekjum og öðrum tekjum þegar tekjutrygging er ákveðin. Sé ætlunin að þessar tekjur hafi ekki áhrif á ákvörðun tekjutryggingar taldi hann rétt að breyta almannatryggingalögum í samræmi við það.

Nefndin mælir með samþykkt frv. eins og 1. gr. þess er orðuð á þskj. 464.

Alþingi, 9. maí 1980.

Helgi Seljan, form., með fyrirvara.	Lárus Jónsson, frsm.	Jón Helgason.
Davíð Aðalsteinsson.	Eiður Guðnason.	Guðmundur Karlsson.
	Salome Þorkelsdóttir.	

#### Fylgiskjal I.

Reykjavík, 17. apríl 1980.

Efni: Upplýsingar veittar Tryggingastofnun ríkisins um vaxtatekjur umsækjenda um tekjutryggingu, sbr. 4. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum.

Að gefnu tilefni vill rikisskattstjóri taka fram eftirfarandi varðandi ofangreint málefni:

Ekki liggja fyrir nýjar eða breyttar reglur frá þeim, sem gilt hafa hingað til, frá Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum þar til bærum stjórnvöldum aðlútandi þeim vottorðum sem skattfyrirvöld hafa gefið út um tekjur manna sem leitað hafa eftir greiðslum. skv. 19. gr. almannatryggingalaga. Aukin framtalsskylda sparifjár og vaxtatekna skv. lögum nr. 40/1978 með síðari breytingum leiðir til þess að öllu jöfnu að vaxtatekjur koma nú fram á skattskýrslum einstaklinga í ríkari mæli en áður. Að svo stöddu og meðan annað er ekki ákveðið þykir rétt að setja fram þá reglu varðandi útgáfu skattstjóra á vottorðum um tekjur bótaþega að eingöngu komi fram á vottorðum skattskyldur hluti vaxtanna, þ. e. sú fjárhæð vaxtatekna, affalla og gengishagnaðar sem færð er eða ber að færa í tölureit 59 á skattframtali einstaklinga 1980.

Sem fyrr greinir er regla þessi yður sett eingöngu til bráðabirgða og gildir hún uns annað verður ákveðið.

Með vinsemd,  
f. h. rikisskattstjóra,  
Steinþór Haraldsson.

## Fylgiskjal II.

Til heilbrigðis- og trygginganefndar  
efri deildar Alþingis  
b.t. hr. formanns Helga Seljan  
c/o Alþingi  
101 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 5. maí 1980.

Efni: Frv. til laga um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum — Ed. 140. mál, þskj. 286.

Mér hefur með bréfum varaformanns heilbrigðis- og trygginganefndar efri deildar Alþingis, dags. 16. apríl s. l., og formanns nefndarinnar, dags. 28. apríl s. l., borist til umsagnar ofangreint frumvarp.

Að mínu áliti væri þörf breytinga á lögum um almannatryggingar til þess að taka af öll tvímæli þess efnis að nýmæli laga um framtalsskyldu sparifjár og sparis­kirteina ríkissjóðs breyti í engu ákvörðun fyrri ára um það hvernig ákvarða skuli vaxtatekjur af eignum þessum, meðan þær voru í reynd skattfrjálsar og þá án framtalsskyldu þegar metin voru réttindi elli- og örorkulífeyrisþega til tekjutryggingar. Í þessu sambandi leyfi ég mér að senda hér með ljósrít af bréfi mínu til allra skatt­stjóra, dags. 17. apríl s. l., varðandi þetta efni. Í bréfi þessu tel ég að fram komi hver afstaða mín er í reynd í máli þessu, en nauðsynlegt væri að fá lagabreytingu til styrktar þessari afstöðu minni.

### Um frv.:

Orðið „sparifé“ í 1. gr. frv. tel ég þrengja þann tilgang, sem stefnt er að að ná með ákvæðum frv.

Með vísan til ákvæða 21. gr. laga nr. 68/1971, sbr. ákvæði laga nr. 7/1974 (sbr. viðfest ljósrít af þeim lögum), merkir hugtakið „sparifé“ einungis innstæður í hönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, en felur ekki í sér sparnað í formi verðtryggðra spariskirteina ríkissjóðs. Til þess að frv. nái til bæði sparifjár og spariskirteina ríkissjóðs legg ég til að á eftir orðinu „sparifé“ í 1. gr. frv. komi orðin: eða af verðbréfum sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum, (sem...).

Í sambandi við frv. þetta vaknar einnig sú spurning, hvort þessi ákvæði ættu ekki að ná til:

1. vaxtatekna af stofnsjóðseign, sbr. 2. tl. 8. gr. skattalaganna, og
2. vaxtatekna af vixlum, verðbréfum og öllum öðrum kröfum sem arð bera eða vexti, sbr. 3. tl. 8. gr. skattalaganna,

þar sem frá og með gjaldárinu 1981 (skattárinu 1980) verða þessar vaxtatekjur undanþegnar skattskyldu séu þær ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi mannsins.

Ástæðan fyrir því að ég vek sérstaka athygli á þessu, og þá sérstaklega 2. tl., er sú að gera má ráð fyrir því að allmargir ellilífeyrisþegar njóti slíkra vaxtatekna og þá fyrst og fremst í sambandi við vixla og verðbréf sem þeir hafa eignast í sambandi við sölu íbúðarhúsnæðis sem þeir hafa selt í þeim tilgangi að minnka við sig eign í íbúðarhúsnæði.

Væri tekið mið af þessum ábendingum mætti orða 1. gr. frv. svo:

Til tekna í þessu sambandi teljast ekki vextir, verðbætur eða gengishagnaður sem frádráttarbær er við ákvörðun tekjuskattsstofns.

Virðingarfyllst,

Sigurbjörn Þorbjörnsson, ríkisskattstjóri.